

Skýrsla vegna úthlutunar úr kennslumálasjóði Háskóla Íslands árið 2013 fyrir verkefnið

Hönnunarsmiðja um framtíð tækni og menntunar

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) við Menntavísindasvið HI (MVS)

Markmið verkefnisins var tvíþætt: annars vegar að kynna fyrir íslensku skólasamfélagi innan MVS og utan s.k. hönnunarnálgun (e. design thinking) sem gagnleg aðferð til efla kennslu og nýsköpun í skólastarfi; og hins vegar að nota hönnunarnálgun til að fá fram hugmyndir fjölbreytts hóps skólafólks um hvernig best verði hægt að nýta tækni í námi og kennslu í framtíðinni. Í þeim tilgangi var fengin til landsins Virajita Singh, sérfræðingur í hönnunarnálgun við hönnunardeild Háskólans í Minnesóta. Virajita Singh hefur töluverða reynslu af því að vinna með hönnunarnálgun í samstarfi við skólafólk innan og utan Háskólans í Minnesóta og víðar. Verkefnið var unnið í nánú samstarfi við Háskólann í Minnesóta sem m.a. kostaði hluta af heimsókn Virajita til landsins.

Áætlað var að verkefnið myndi nýtast Háskóla Íslands almennt en sér í lagi MVS, rannsóknarstofur sem fást við viðfangsefni sem tengjast notkun tækni í skólastarfi, og framhaldsnemum sviðsins.

Undirbúningur verkefnisins hófst í mars 2013 með könnun á mögulegu samstarfi við sérfræðing um notkun hönnunarnálgunar í tengslum við skólastarf. Tveir sérfræðingar komu til greina, en það var Virajita Singh frá Háskólanum í Minnesóta og Dr. John Nash frá Háskólanum í Kentucky. Á endanum var ákveðið að vinna með Virajita Singh og voru það sérstaklega áætlaður kostnaður og tengsl Háskólans í Minnesóta við HÍ sem réðu því að ákveðið var að fara í samstarf við Virajita.

Um sumar og haust 2013 var svo unnið að því, í samstarfi við Virajita, að skipuleggja hönnunarsmiðju fyrir íslenskt skólafólk um framtíð tækni og menntunar. Upphaflega var unnið út frá því að hönnunarsmiðjan yrði haldinn snemma á haustmisseri en þurfti síðar að seinka henni fram til lok nóvembers vegna anna Virajita.

Vinna vegna skipulags hönnunarsmiðjunnar fólst fyrst og fremst í því að skilgreina viðfangsefnið sem taka átti fyrir, skilgreina markhópa og undirbúa gögn fyrir væntanlega þátttakendur. Ákveðið var þá að Virajita Singh kæmi til landsins nokkrum dögum áður en ætti að halda hönnunarsmiðjuna til að ljúka við undirbúningi, kynna samstarfssfólkinu á Ísland og halda erindi fyrir starfssfólk HÍ og aðra sem áhuga hafa á stefnumótun í menntamálum.

Virajita kom til landsins 17. nóvember, 2013, og dvaldi í 5 nætur, eða til 22. nóvember. Á meðan á heimsókninni stóð:

1. Haldin hönnunarsmiðja um framtíð tækni og menntunar þann 20. nóvember í Hlöðunni í Gufunesi, fundaraðstaða á vegum Reykjavíkurborgar. Hönnunarsmiðjan var opin öllum og var auglýst á vef MenntaMiðju og samstarfstorga, Facebook hópum þar sem umræða um mennta- og skólamál fer fram og á póstlistum Menntavísindasviðs og HÍ. Þátttakendur voru um 60 talsins og voru þar á meðal, kennarar, kennaranemar, starfsmenn háskóla og fulltrúar sveitarfélaga og komu þátttakendur frá öllum landshlutum.
2. Málstofa um hönnunarnálgun fyrir stefnumótun og kennslu haldin í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ v/Stakkahlíð þann 19. nóvember. Málstofan var opin öllum og var hún auglýst á sömu miðlum og hönnunarsmiðjan sem sagt er frá í 1. lið. Meðal þátttakenda voru starfsmenn Menntavísindasviðs HÍ, kennaranemar og fleiri.
3. Fundir þar sem starfsmenn Menntavísindasviðs fengu tækifæri til að ræða við Virajita meðan á heimsókn hennar stóð.

Kostnaður

Kostnaðarliður	Áætlun	Raun
Vinna aðstoðarmanns	300.000	Aðstoðarfólk gaf undirbúningsvinnu
Gisting sérfræðings	30.000	56.250
Greiðsla fyrir flug ¹ sérfræðings, uppihald ² og erindi/hönnunarsmiðju ^{3*}	90.000 ¹ 100.000 ² 200.000 ³	312.000
Samtals	720.000 (styrkur 350.000)	368.250

**Kostnaður vegna komu sérfræðingsins til landsins deildist á HÍ og Háskólann í Minnesóta vegna viðbótarstyrkveitingar sem fékkst frá Háskólanum í Minnesóta.*

Í lokin má geta að þegar hefur orðið ávinningur af verkefninu bæði innan Menntavísindasviðs HÍ og út á skólavettvangi. Hönnunarnálgun hefur verið kynnt á námskeiðum innan Menntavísindasviðs. Einn skóli á höfuðborgarsvæðinu hefur þegar notað aðferðina í tengslum við stefnumótun og fleiri sýnt aðferðinni áhuga.

Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Sólveig Jakobsdóttir, PhD
Dósent fjarkennslufræðum
Forstöðumaður rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun
Menntavísindasvið HÍ
Sími: 525 5568
Netfang: soljak@hi.is

Tryggvi Thayer
Verkefnisstjóri MenntaMiðju
Menntavísindasvið HÍ
Sími: 525 5934
Netfang: tbt@hi.is